

Minnisblað

Dags.: 29. nóvember 2015

Efni: Minnisblað fyrir fjölskylduráðsfund 30. nóvember 2015 vegna fyrirspurnar um stöðugildi og starfsmannamál á fjölskylduþjónustu.

Eftirfarandi fyrirspurn barst þann 26. nóv. sl. frá Árna Rúnari Þorvaldssyni, fulltrúa Samfylkingarinnar í fjölskylduráði. Óskað er eftir því að fyrirspurnin verði tekin fyrir í ráðinu á fundi þess þann 30. nóvember n.k.:

- * *Hvernig hefur fækkun stöðugilda vegna uppsagna og starfslokasamninga snert fjölskylduþjónustuna?*
- * *Hversu mörg stöðugildi hafa verið skorin niður?*
- * *Hversu mörg stöðugildi hafa verið færð yfir á önnur svið?*
- * *Hefur verið ráðið í einhver ný störf í staðinn?*

Fækkun stöðugilda vegna starfslokasamninga hafa snert fjölskylduþjónustuna á þann hátt að leitað hefur þurft nýrra leiða til að sinna þeim verkefnum sem stofnuninni ber að sinna. Mótaðir hafa verið nýir verkferlar og í nokkrum tilvikum hafa starfsmenn bætt á sig nýjum verkefnum. Ekki varð fækkun í stöðugildum félagsráðgjafa eða þroskaþjálfara. Mikil breyting varð á starfssemi og umfangi fjölskylduþjónustunnar við skipulagsbreytingarnar sl. sumar. Íþrótta- og tómstundamál fluttu til fræðslusviðs og þar með þeir starfsmenn sem sinntu þessum málaflokkum.

Samtals létu sjö starfsmenn af störfum en þeir voru í 6,2 stöðugildum.

Sex starfsmenn í 100% stöðugildum færðust á önnur svið. Eins og áður segir fluttu stórir málaflokkar frá sviðinu og jafnframt þau stöðugildi sem sinntu málaflokkunum eða samtals 3 stöðugildi fóru frá tómstundaskrifstofu. Einnig varð sú breyting að miðlægt fjármála- og rekstrarsvið þjónustar nú sviðið og varð tilfærsla á starfsmönnum vegna þess og fluttu tveir starfsmenn yfir á fjármálasvið. Móttaka fjölskylduþjónustunnar var lögð af og sér miðlægt þjónustuver nú um hlutverk þess, einn starfsmaður flutti í þjónustuver vegna þessa. Sviðsstjóri flutti af annarri hæð og er nú staðsettur á skrifstofu sviðsins.

Ekki hefur verið ráðið í ný störf í stað þeirra sem fóru. Tekið skal fram að nýlega var ráðinn verkefnastjóri vegna hælisleitenda og flóttamannamála. Um er að ræða tímabundna stöðu til árs og sinnir starfsmaðurinn eingöngu þessum málum. Samningar hafa verið gerðir við Útlendingastofnun og velferðarráðuneyti um þjónustu við þessa hópa og greiðir ríkissjóður kostnað vegna þessara mála, þar á meðal laun verkefnastjóra.

Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.



HAFNARFJÖRÐUR